

Fimmtudaginn 18. júní 1959.

Nr. 107/1957. **Ákærvaldið** (Einar B. Guðmundsson hrl.)

gegn

John Henry Hogarth (Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Friðrik V. Ólafsson skólastjóri hefur markað á sjóuppdrátt staðarákvörðun varðskipsins Ægis 30. apríl 1957 við dufl það, sem varðskipið setti út hjá togara ákærða kl. um 00.15 þann dag, og reyndist staður þessi um 0,5—0,6 sm. fyrir innan fiskveiðimörkin.

Dómkvaddir kunnáttumenn fundu hinn 30. apríl 1957 um 1^o miðunarskekkju og um 1,5% fjarlægðarskekkju á 12 sm. mælikvarða Cossor-ratsjár Ægis, sem notaður var. Friðrik V. Ólafsson skólastjóri hefur sett stað duflsins í sjóuppdrátt þannig, að skekkjur þessar eru látnar vera ákærða í hag. Reyndist þá staður duflsins vera 0,3—0,4 sm. innan fiskveiðimarkanna.

Samkvæmt gögnum málsins er ljóst, að ákærði hafði togað um stund, 5—10 mínútur, í áttina frá Geirfugladrang, er duflið var sett út.

Samkvæmt framanrituðu er sannað, að ákærði hefur verið að botnvörpuveiðum í landhelgi á nefndum tíma. Varðar brot ákærða við 1., sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 82/1952, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 100.000,00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 6.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, John Henry Hogarth, greiði kr. 100.000,00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar og Ágústis Fjeldsteds hæstaréttarlögmannna, kr. 6.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. maí 1957.

Ár 1957, miðvikudaginn 1. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1336/1957: Ákærvaldið gegn John Henry Hogarth, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er John Henry Hogarth, skipstjóri á brezka togaranum Howard, H-271, til heimilis í 3 Well Lane, Willerby, Yorkshire á Englandi, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5/1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, um breyting á þeim lögum, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum togara um miðnætti aðfaranótt 30. apríl 1957 í grennd við Geirfugladrang innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952.

Er þess krafizt, að ákærði sæti refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, svo og, að upptæk verði gerð afli og veiðarfæri nefnds togara og að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 2. júlí 1915 í Hull, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu hér á landi, svo að kunnugt sé.

Samkvæmt eiðfestri skýrslu Þórarins Björnssonar, skipherra

á varðskipinu Ægi, var varðskipið stutt norðaustur af Eldey hinn 29. apríl 1957 kl. 23.46. Varð þá í ratsjá skipsins vart við skip, sem reyndist vera togarinn Howard, H-271, og var það auðsjáanlega innan fiskveiðitakmarkanna við Geirfugla-drang. Kl. 23.46 miðaðist Eldey frá varðskipinu réttvísandi 102° , fjarlægð 8,2 sjómílar, en togarinn réttvísandi 204° , fjarlægð 3,3 sjómílar. Gefur það stað togarans 1,3 sjómílar innan fiskveiðitakmarkanna. Kl. 23.50 miðaðist Eldey réttvísandi 104° , fjarlægð 7,9 sjómílar, en togarinn 208° , fjarlægð 3,4 sjómílar. Gefur það stað togarans 1,2 sjómílar innan fiskveiðitakmarkanna. Kl. 23.56 miðaðist Eldey réttvísandi 099° , fjarlægð 8,0 sjómílar, en togarinn réttvísandi 210° , fjarlægð 2,4 sjómílar. Gefur það stað togarans 1 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Kl. 00.07 hinn 30. apríl var skotið tveimur púðurskotum að togaranum, en hann sinnti því ekki. Kl. 00.08 var skotið púðurskoti að honum, og var varðskipið þá komið fast að honum. Kl. 00.11 var enn skotið að honum púðurskoti, og kl. 00.13 var hægt á ferð varðsupsins og fylgzt með togaranum, sem eigi nam enn staðar. Kl. 00.15 var skotið púðurskoti að togaranum, sem þá nam staðar, sló úr blökkinni og fór að hala inn stjórnborðsvörpuna. Dufl var þá sett út við hlið togarans, mjög nærri honum, og við staðarákvörðun við það miðaðist Eldey réttvísandi 087° , fjarlægð 9,7 sjómílar, sem gefur stað duflsins 0,5 sjómílar innan fiskveiðitakmarkanna. Dýpi á þessum stað var 163 metrar. Bátur var sendur frá varðskipinu eftir ákærða, en töluverður tími leið, þar til hann kom yfir í varðskipið, og stafaði sú töf af því, að ákærði gat ekki farið frá skipi sínu, fyrr en varpan hafði verið innbyrt. Skiphera benti ákærða á, hvar skip hans hefði verið innan fiskveiðitakmarkanna. Var síðan haldið að duflinu og staðarathuginin endurtekin, og reyndist hún hin sama og áður. Ákærði leit í ratsjá varðsupsins og taldi fjarlægðina frá Eldey vera 9,8 sjómílar. Mótmælti hann staðarákvörðun varðsupsins og kvaðst hafa verið utan fiskveiðitakmarkanna eftir sinni ratsjá. Sagðist hann hafa verið að kasta vörpunni, sem hefði verið úti í um fimm mínútur. Honum var boðið að bíða birtu í þeirri von, að unnt yrði að gera hornamælingar, en þar sem veðurútlit var slæmt, óskaði hann ekki eftir að bíða, og héldu skipin þá til Reykjavíkur. Þegar þessir atburðir gerðust, var náttmyrkur og þokusúld, svo að skyggni var mjög lítið. Vindur var SV 4, sjór SV 3 og skyggni 2,3 sjómílar.

Allar mælingar varðskeysins voru gerðar með ratsjá og gíró-áttavita, og unnu að þeim sameiginlega skipherrann og I. og II. stýrimaður, en þeir síðarnefndu hafa báðir staðfest framan-skráðar mælingar og unnið eið að. Einnig hafa þeir staðfest skýrslu skipherrans að öðru leyti, þar á meðal, að duflið hafi verið sett út mjög skammt frá togaranum í þann mund, sem hann byrjaði að draga inn vörpuna. I. stýrimaður skaut öllum skotunum. III. stýrimaður varðskeysins hefur borið, að duflið hafi verið sett út mjög nálægt togaranum, meðan dragstrengir hans voru úti. Loftskeytamaður varðskeysins telur aftur á móti, að allt að $\frac{1}{2}$ sjómíla hafi verið milli skipanna, þegar duflið var sett út, en kveðst ekki eiga gott með að áætla fjarlægðir á sjó.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi kastað vörpunni kl. 00.05—00.10 í NNV og togað síðan örstutta stund í þá átt. Rétt áður en hann kastaði, gerði hann staðarákvörðun með ratsjá togarans og seguláttavita, og var fjarlægðin frá Eldey 8 sjómílur og stefnan þangað SAaA. Þegar togarinn nam staðar vegna aðgerða varðskeysins og byrjað var að draga inn vörpuna, gerði ákærði aðra staðarákvörðun með sömu tækjum, og var fjarlægðin frá Eldey þá 9,1 sjómíla og stefnan þangað SA $\frac{3}{4}$ A. Meðan verið var að innbyrða vörpuna, færðist togarinn aftur á staðinn, sem fyrr var mældur. Með ákærða við mælingar þessar var stýrimaður togarans, og hefur hann skýrt frá þeim í samræmi við skýrslu ákærða og staðfest skýrslu sína með eiði. Báðir þessir staðir eru nokkuð utan fiskveiðitakmarkanna. Tveir aðrir staðir togarans, sem ákærði kveðst hafa mælt einn síðar, áður en haldið var til hafnar, eru einnig utan fiskveiðitakmarkanna. Ákærði sá ekki, þegar dufl varðskeysins var sett út, en heldur því fram, að það hafi verið sett á stað, sem togarinn hafi ekki verið á. Þessi vefenging hans á, að duflið hafi verið sett út á stað, sem togarinn hafi ekki komið á, fær þó ekki skipt máli, þar sem sannað er með skýrslum varðskipsmanna, svo sem að framan segir, að enda þótt duflið væri ekki sett í kjölfar togarans, þá hafi það verið sett út mjög nálægt honum, meðan hann var að veiðum.

Þá heldur ákærði því fram, að þegar hann leit í ratsjá varðskeysins við duflið, hafi fjarlægðin frá Eldey verið 9,8 sjómílur, en ekki 9,7, eins og varðskipsmenn halda fram. Eigi kveðst ákærði hafa heyrt nema tvö skot frá varðskipinu. Þegar II. stýrimaður varðskeysins kom um borð í togarann til að sækja

ákærða og einnig þegar III. stýrimaður varðskipsins kom um borð í togarann til að vera þar á verði á leið til hafnar, mæltist ákærði til þess, að þeir athuguðu afstöðu togarans í ratsjá hans, en hvorugur þeirra sinnti þeim tilmælum.

Í rannsókn málsins kvaddi dómurinn þá Ríkarð Sigmundsson rafvirkjameistara, Ólaf Jónsson útvarpsvirkjameistara og Ingólf Þórðarson siglingafræðikennara til að athuga ratsjár varðskipsins og togarans. Hafa þeir staðfest, að ratsjár beggja skipanna séu í góðu ástandi, hvað fjarlægðarmælingar snertir, en nokkur ágalli sé á báðum með tilliti til miðana. Í ratsjá togarans er miðpunktur myndarinnar áberandi til bakborða, en eigi telja skoðunarmennirnir sér fært að segja um, hvaða áhrif þetta hafi á miðunarhæfnina. Í ratsjá varðskipsins er miðpunktur myndarinnar lítið eitt á bakborða og höfuðlínan sömu leiðis eina gráðu á bak, og er það álit tveggja skoðunarmanna, að þetta valdi einnar gráðu skekkju í miðunarnákvæmni tækisins. Dómurinn hefur athugað, hvaða áhrif þetta gæti haft á staðarmælingar varðskipsins í þessu máli, og komizt að raun um, að enda þótt tekið væri tillit til þessarar ónákvæmni ákærða í hag, yrði staður duflsins samt sem áður innan fiskveiðitakmarkanna. Hafði ákærði þó, þegar duflið var sett út, kastað og togað í 5—10 mínútur í stefnu út að línunni.

Af því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, bæði af skýrslum varðskipsmanna og ákærða, að hann var að botnvörpuveiðum, þegar varðskipið kom að honum, og með mælingum skipherra og I. og II. stýrimanns varðskipsins þykir sannað, að ákærði hafi þá verið innan fiskveiðitakmarkalínunnar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952, og hafði hann þó samkvæmt eigin skýrslu verið nokkru innar, þegar veiðiaðgerðirnar hófust.

Með þessu hefur ákærði gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, sem talin eru í ákæru. Samkvæmt þeim refsíákvæðum, sem þar eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar togarans, 466,25 brúttó rúmlestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74.000,00 króna sekt til Landhelgisgjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skulu allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Howards, H-271, vera upptæk til handa Landhelgisgjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Ágústs Fjeldsteds hrl., kr. 1.000,00.

Dóm þennan kveða upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, John Henry Hogarth, greiði 74.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Howards, H-271, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Ágústs Fjeldsteds hrl., kr. 1.000,00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 22. júní 1959.

Nr. 80/1959. **Sementsverksmiðja ríkisins**
(Guttormur Erlendsson hrl.)

gegen

Þorbjörgu Einarsdóttur
(Haukur Jónsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Orlofsfé. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí þ. á. Krefst hann þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefndu og henni dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndu, sem átti rétt til 34 daga orlofs vegna starfa síns